

AUGLÝSING

um uppsögn samnings milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Lettlands.

Með orðsendingu 31. október 2003 var norska utanríkisráðuneytinu tilkynnt um uppsögn Lettlands á samningi milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og lýðveldisins Lettlands sem gerður var í Zermatt 7. desember 1995, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 7/1996. Uppsögnin öðlaðist gildi 1. maí 2004 og féll samningurinn þá úr gildi. Um leið féll úr gildi fyrirkomulag milli Íslands og Lettlands varðandi viðskipti með landbúnaðarafurðir sem gert var í Reykjavík 18. september 1996, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 2/2001.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 4. maí 2004.

Halldór Ásgrímsson.

Gunnar Snorri Gunnarsson.